

Leiðtoginn

Hvað gerir menn að leiðtogum? Þessi spurning hefur leitað á margan áhugamanninn um stjórnun og stjórnmál í gegnum tíðina. Machiavelli ritaði hið fræga rit sitt *Furst-ann* sem leiðbeiningar fyrir þann sem vildi ná völdum og halda þeim. Hann byggði meðal annars á því hvernig valdamenn á Ítalíu hegðuðu sér, ekki síst Cesar Borgia sem var slóttugur stríðsherra. Margir telja að forseti Bandaríkjanna sé valdamesti maður heims. David Gregeen var ráðgjafi og ræðuritari fjöggra forseta, Nixons, Fords, Reagans og Clintons og skrifaði bókina *Eyewitness to Power* um reynslu sína. Þar reynir hann að draga ályktanir um það hvaða hæfileikar nýtist best leiðtoga í lýðræðisríki.

Forysta og völd

Nixons verður alltaf minnst sem manns sem tortrygðir fjölmiðla, laug til þess að hylma yfir afbrot og hélt langan lista yfir óvini sína. Brestirnir skyggja óhjákvæmlega alltaf á þann árangur sem hann náði með slökunarstefnunni, friðarsamningnum í Víetnam og heimsókninni til Kína. Gregeen telur að Nixon hefði gengið vel sem stjórnanda hefði hann verið uppi heilli öld fyrr. Hann hafi talið að með forsetaembættinu hafi hann hafist yfir lögin. Nixon sjálfur skrifaði „Þeir sem sem sigra í valdabaráttu eru öðruvísi en annað fólk. Þegar menn eru búnir að ná völdum breytast þeir enn meira. Völd eru ekki fyrir góða gæjann í hverfinu.“ Síðar vitnar Nixon í orð Machiavellis um að hugsjónir og siðgæði séu mikilvæg í stjórnmálum, en gagnslaus sem taktík. Þó að fæstir leiðist út í öfgar Nixons er öruggt að flestir breytast við að ná upphefð. Ráðherrar verða hrokafullir og stundum skapstyggir. Clinton missti stjórn á skapi sínu einu sinni á dag.

Langrækni og hefnigirni settu mark sitt á Nixon. Engum sem var á óvinalist- anum mátti bjóða í Hvíta húsið. Ford sem varð forseti eftir að Nixon sagði af sér sagði: „Ef þú átt svo marga óvini að

þú þarft að skrifa þá niður til þess að muna eftir þeim öllum, þá áttu of marga óvini.“ Í ljósi stöðunnar núna er athyglis- vert að næst á eftir Nixon í slíkum dilka- drætti virðist hafa verið Hillary Clinton.

Óttinn við afburðamenn

Margir stjórnmálamenn kunna illa við það þegar þeim er sagt til. Þess vegna ótt- ast þeir ekkert fremur en að hafa ráðgjafa sem eru þeim sjálfum snjallari. Þetta þýðir að saman safnast jámenn sem bæta engu við foringjann sjálfan. Persónuleiki hefur auðvitað mikið að segja, en vegna þess að margir stjórnmálamenn þjást af minnimáttarkennd, eins ótrúlegt og það virðist, eru ekki sáttir við sjálfa sig, reyna þeir oft að leika þann sem þeir vilja vera.

Margir gerðu lítið úr Ford, en hann hafði þann eiginleika að vera sáttur við sjálfan sig og þoldi að hafa fólk í kring- um sig sem vissi og gat meira en hann sjálfur. Einmitt þannig gat hann laðað til sín mjög hæft fólk í ríkisstjórn.

Hvernig hópur er vænlegastur?

Sá forseti sem var best undir starfið bú- inn var að mati Gregens Ronald Reagan. Eflaust eru margir hissa á því að leikar- inn hafi haft stjórnunarhæfileika. Hann þorði að minnsta kosti að vinna með mönnum sem gátu stjórnað. Gregeen gefur meira að segja uppskrift að draumaliðinu:

1. Sterkur hópur með sterkan verkstjóra (starfsmannastjóra)
2. Blandaður hópur. Innherjar sem þekkja kerfið, nýliðar sem vilja breyta, ungliðar með kraft, reyndari menn með visku.
3. Skýrt skipurit sem ekki lítur út eins og spagettí.
4. Hröð viðbrögð við óvæntum fréttum og klár forysta á óvissutímum.
5. Leysið eins mörg mál og hægt er án aðkomu foringjans. Haldið honum samt upplýstum þannig að ekkert komi hon- um á óvart sem hann þarf að vita.

6. Verkstjórinn þarf að gæta þess að all- ir séu virkir. Foringinn á ekki að vera í daglegri stjórnun.

7. Foringinn þarf að geta talað við ein- hvern í trúnaði, ráðgjafa sem ekki lekur öllu í fjölmiðla.

Forysta eða eftirrekstur?

Ástæðan fyrir því að Reagan gekk lengst af vel var að hann hafði skýrar hugmynd- ir um hvað hann vildi. Þær voru ekki sér- lega flóknar eða frumlegar: Grunnildi skipti máli; frelsi og styrkur. Hann átti auðvelt með að skýra sinn málstað fyrir þjóðinni og hikaði ekki við að vera í sam- bandi við þingið til þess að ná fram sín- um málum. Reagan þurfti ekki að vinna sigur í hverju einasta máli, en eins og leiðtogi Demókrata sagði: „Hann sættist oft á 70% í fyrstu umferð, en svo kom hann aftur seinna og bað um meira.“ Líklega hefur virðingin fyrir forsetum verið meiri fyrir nokkrum áratugum en seinn varð og þingið í Bandaríkjunum er mjög valdamikið. Þess vegna leita forset- ar oft beint til þjóðarinnar um stuðning í málum.

Með því að tala almenning á sitt mál ná þeir að þrýsta á þingmennina, sem ekki vilja verða viðskila við kjósendur sína. Markmiðið með stjórnmálum var lengst af að ná fram sínum stefnumál- um. Nú hefur þetta snúist við hjá mörg- um. Markmiðið er að ná völdum og þess vegna eyða stjórnmálamenn miklu í skoðanakannanir til þess að geta þefað uppi vinsæl mál. Clinton var frægur fyrir þetta en náði þó takmörkuðum árangri. Hann er reyndar mjög sannferandi ræðumaður og „óvenjulega góður lyg- ari“ eins og flokksbróðir hans Bob Kerry sagði.

Meginatriðin eru að dómi Gregens að menn séu þeir sjálfir, hafi skýra stefnu og hæfileika til þess að fá aðra á sitt band. Menn eigi að byrja strax á sínu ætlunar- verki, þóri að hafa sterka og heiðarlega ráðgjafa og geti orðið öðrum innblástur. Þannig nái menn bestum árangri. **V**

1 Foringjar eru ekki alltaf leiðtogar. Þeir komast á toppinn en nýta stöðu sína illa.

2 Í faðirvorinu ákalla menn drottin: „Eigi leið þú oss í freistni“.

3 Stjórnmálamenn telja hins vegar oft að freistingarnar séu til þess að falla fyrir þeim.

4 Krónan gefur stjórnmálamönnum lausan tauminn við slaka hagstjórn.

Freistnivandi íslenskrar hagstjórnar



Bolli Héðinsson
hagfræðingur


Allir sem komnir eru til vits og ára þekkja hörmungarsögu íslensku krónunnar, allt frá því hún var skilin frá dönsku krónunni í byrjun þriðja áratugar síðustu aldar og verðgildi hennar nú, um 90 árum síðar, orðið innan við danskan fimmeyring. Íslenskir hagstjórnendur hafa viljandi eða óviljandi látið krónuna verða „afgangssterðina“, þá stærð sem hefur verið látin gefa eftir, þegar atvinnuvegir hafa verið komnir í þrot, ýmist vegna eigin ákvarðana eða utanaðkomandi aðstæðna. Þannig hafa atvinnuvegir staðið frammi fyrir freistnivanda (e. moral hazard) sem leiddi til þeirrar niðurstöðu fyrir gjaldmiðilinn sem reynslan hefur sýnt.

Hér verður beint sjónum að því hvort vænta megi hins sama í framtíðinni, allt eftir því hvaða leiðir verða valdar til að byggja hagkerfið upp að afloknu hrúni. Pólitísk stefnumótun á því sviði hefur enn ekki átt sér stað og ráðleysi virðist ríkja um hvert skuli halda. Skoðun á þessum mögulega freistnivanda, hvort hann er til staðar og ef svo í hve miklum mæli, getur auðveldað greiningu valkosta um framtíðarstefnumótun gjaldmiðils og fyrirkomulag gjaldmiðlamála á Íslandi. Ef freistnivandi er til staðar ætti það að hvetja til nýrra aðferða við hagstjórn.

Hvað er „freistnivandi“ ?

Nokkrar skilgreiningar eru til á hugtakinu freistnivanda sem þó ganga allar í sömu átt. Hér er stuðst við að þegar vissar er fyrir fyrirgefningu eða því að þú munir aldrei taka afleiðingum gjörða þinna þá leyfir þú þér meira en þú ella myndir gera. Þetta vandamál er í senn siðfræðilegs eðlis og hagfræðilegs eðlis. Meðal skilgreininga á enskri tungu má finna að „Moral hazard arisis where a party insulated from risk may behave differently from the way it would behave if it were not fully exposed to the risk“ (Buckley, 2011) sem á íslensku útleiggst eitthvað í þá veru að *freistnivanda verður vart þegar einhver aðili, sem hefur verið frjýjaður áhættu, getur hegðað sér með öðrum hætti en hann ella mundi gera*

Mynd 1. Þróun fiskverðs og verðs á dollara 1980 – 1990.



Heimild: Þjóðhagsstofnun (1991) og Seðlabanki Íslands

ef áhættan vofði yfir honum. Önnur lík skilgreining á freistnivanda er: „Moral hazard“ is a disposition on the part of individuals or organizations to engage in riskier behaviour, than they otherwise would, because of a tacit assumption that someone else will bear part or all of the costs and consequences if the incurred risk turns badly“ (Wolf, 1999) sem mætti þýða „*Freistnivandi“ er hegðan einstaklinga eða skipulagsheilda til að taka áhættu umfram það sem þeir annars myndu gera þar sem gera má ráð fyrir að aðrir taki á sig afleiðingar, að fullu eða að hluta til, ef allt fer á versta vegg.*

Hér er gengið út frá þeim grunnskilningi freistnivanda að öllum þátttakendum sé kunnugt um að hverju þeir ganga (*reglan*) en aftur á móti þá áttar viðkomandi sig jafnframt á því að þó svo að hann hunsir regluna þá leiðir það ekki til neins sérstaks vanda fyrir hann heldur verði hann a.m.k. jafnsettur og áður hvort sem hann fer eftir henni eða ekki.

Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Til að átta sig á viðfangsefninu var brugðið á það ráð að skoða hversu vel ákvarðanir Yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, og breytingar á gengi í kjölfar ákvarðana þess, falla saman. Tímabilið 1980 – 1990 varð fyrir valinu. Í ljósi mikilvægis sjávarútvegs fyrir íslenskan þjóðarbúskap, og

með því að verið er að skoða freistnivanda atvinnugreina, þá er sjávarútvegur heppileg atvinnugrein til að beina sjónum að. Þær breytur sem eru skoðaðar eru verðhækkanir Yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins annars vegar og hækkun á verði erlends gjaldeyris, bandaríkjadals, hins vegar.

Verðlagsráð sjávarútvegsins var opinber stofnun sem starfaði frá upphafi sjöunda áratugs 20. aldar fram á tíunda áratuginn. (Jón Sigurðsson 1978). Verðlagsráð hafði það verkefni með höndum að ákveða verð er gilda átti í viðskiptum kaupenda og seljenda fiskafurða. Í Verðlagsráði hafði hvor aðila jafna aðild, kaupendur (fiskverkendur) og seljendur (útgerðarmenn og sjómenn). Ef ekki varð samkomulag milli aðilanna var ágreiningnum vísað til *Yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins* þar sem færri fulltrúar sömu aðila komu saman auk oddamanns. Ákvarðanir yfirnefndar voru oftast en ekki á þann veg að oddamaður tók sér stöðu með seljendum (Jón Sigurðsson 1978) sem þýddi að fiskvinnslunni var gert að greiða hærri verð fyrir landaðar sjávarafurðir heldur en hún hafði talið sér fært í þeim umleitunum sem fram fóru milli kaupenda og seljenda áður en deilu þeirra var vísað til yfirnefndar.

Tilkostnaður sjávarútvegsfyrirtækja eins og allra annarra fyrirtækja felst í launum og öðrum aðföngum (Weygandt,

Kimmel og Kieso, 2012). Hjá útgerðum er greitt fyrir hvort tveggja í íslenskum krónum þó t.d. eldsneytiskostnaður þeirra sé í raun beintengdur þeim verðsveiflum sem verða á alþjóðlegum mörkuðum og gengisbreytingum á USD, þeim gjaldmiðli sem verð á olíu er skráð í, gagnvart íslenskri krónu. Einnig voru og eru lán í sjávarútvegi í erlendum gjaldmiðli, ýmist með beinni tengingu við eina tiltekna mynt eða myntkörfu Fiskveiðasjóðs sem lengi var notuð. Fiskveiðasjóður var settur á laggirnar 1905 til að auðvelda nýfjárfestingar í sjávarútvegi og starfaði hann til 1997 er hann rann inn í FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. (Fiskveiðasjóður 1997). Þeir sem stunda fiskveiðar og selja afurðir sínar til fiskverkenda fá greitt í íslenskum krónum nema í þeim undantekningartilvikum þeir selja veiðina beint á erlenda markað. Tilkostnaður útgerða, laun, kostur o.s.frv. er í íslenskum krónum.

Kaupendur sjávarfangsins eru aftur móti fyrirtæki sem selja nær alla vöru sína á erlenda markaði, verðlagðar í erlendum myntum. Tilkostnaður þeirra, eins og flestra íslenskra fyrirtækja, nær eingöngu í íslenskum krónum. Breytingar á gengi erlendra mynta geta þannig haft bein áhrif afkomu þeirra bæði til að fjölga eða fækka þeim íslensku krónum sem þeir fá fyrir að selja vöru sína til útlanda.


Á tímabilinu sem skoðað er á mynd 1 var ekki starfræktur gjaldeyrismarkaður þar sem kaupendur og seljendur (viðskiptabankarnir), auk Seðlabankans, keyptu og seldu erlenda gjaldeyri. Þess í stað afreð Seðlabankinn gengi mynta að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og gaf viðskiptabönkunum upp við hvaða verði þeir mættu kaupa og selja erlenda gjaldeyri. Þannig höfðu stjórnvöld tæki til beinnar ákvörðunar um verð erlends gjaldeyris.

Tengsl gengis og fiskverðs

Samfella vísitalnanna tveggja, breytanna, sem skoðaðar eru, fiskverðsvísitölu og vísitölu dollaraverðs sýnir að þessar tvær stærðir hreyfast með svipuðum hætti og leiða má líkum að orsakasamhengi á milli þeirra. Bandaríkjadalur (USD) er valinn sem dæmi um mynt þó svo aðrar viðmiðanir hefðu allt eins komið til greina á borð við þýska markið (DEM) eða gengisvísitala. Ekki var reiknuð fylgni þessara tveggja stærða, fiskverðsvísitölu og verðvísitölu USD en myndræn framsetning látin nægja.

Niðurstæða Yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins var oftast sú að orðið var

Mynd 2: Þróun fiskverðs frá 1980 til 1990 og dollara til 2012



Heimildir: Þjóðhagsstofnun 1991 og Seðlabanki Íslands.

við kröfum seljenda, eins og áður er rakið (Jón Sigurðsson, 1978) sem þýðir að krafa útgerðarmanna og áhafna um að fá fleiri krónur fyrir aflann var tekin til greina. Af mynd 1 má ráða að eftir að orðið er við kröfunni um hærri fiskverð þá gefur gengi krónunnar yfirleitt fljótlega eftir. Sem dæmi um slíkt má finna í annál efnahagsmála fyrir árið 1989 þar sem segir:

Fiskverð ákveðið. Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins ákvað almennt fiskverð í júní sem gilda skildi frá 1. júní til 30. september. Fiskverð var ákveðið með atkvæðum seljenda og oddamanns gegn atkvæðum kaupenda. Ákvörðunin fól í sér 4,2% meðalhækkun frá því verði sem gilt hafði frá febrúar 1989. Einnig var ákveðið að miðað við óbreyttar aðstæður myndi fiskverð síðan hækka um 3,8% frá og með 1. október og gildi það verð til áramóta. **Gengi krónunnar.** Þann 7. júní fékk Seðlabankinn á ný heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 10. maí hafði þá verið fullnýtt til lækkunar. (Þjóðhagsstofnun 1993 bls.44)

Víxlverkan stærðanna

Tilgangur athugunarinnar var að leitast við að svara því hvort á Íslandi sé reyndin sú að þeir aðilar, útflutningsgreinarnar, sem mest eiga undir því að fá sem flestar íslenskar krónur fyrir þann erlenda gjaldeyri sem framleiðsla þeirra er seld fyrir, þurfi í reynd ekki að hafa áhyggjur af því hvernig tilkostnaður þeirra þróast þar sem vitað er að til lengri tíma litið þá muni gengi íslensku krónunnar alltaf leitast við að færa þeim sem flestar krónur fyrir þann erlenda gjaldeyri sem þeir selja framleiðslu sína á. Spurningin er aðeins að þrauka, tíminn vinni með þeim. Kaupendur, fisk-

vinnslan, sem taldi sig ekki geta risið undir hærri fiskverði leitaði þá á náðir stjórnvalda, með beinum eða óbeinum hætti, og gerðu það ljóst að ef þeim yrði ekki „bættur skaðinn“ þ.e. séð fyrir nægjanlega mörgum íslenskum krónum til að rísa undir útgjöldum sínum yrði það til þess þeir þyrftu að loka fiskvinnsluhúsum með tilheyrandi afleiðingum. Það sem fiskvinnslan fór því raunverulega á leit var að stjórnvöld felldu gengi íslensku krónunnar eða létu það síga þannig að fiskvinnslan fengi fleiri krónur til sín fyrir fyrir þá vöru sem hún seldi gegn erlendum gjaldeyri.

Ljóst er að hér hefst víxlverkun, þ.e. að vegna hækkunar á vöruverði, sem leiðir af lægra gengi íslensku krónunnar, svo sú spurning hlýtur að vakna í framhaldinu hvort ekki gæti verið skynsamlegt að stöðva slíka víxlhækkun með einhverju móti. En það er auðveldara um að tala en í að komast að brjótast út úr vítahring af þessu tagi. Þegar svonefndir „þjóðarsáttarsamningar“ voru gerðir á árinu 1990 (Þjóðhagsstofnun, 1993 bls.52) var tilgangurinn með þeim sá að rjúfa þyrfti víxlverkun launa- og verðlagshækkana og leiðin til þess sú að setja skorður við öðrum þættinum, þ.e. launaþættinum og þá myndi sjálfkrafa draga úr hækkun hins þáttarins, verðlagshækkunum.

Ef reyndin er sú að alltaf hafi mátt „treysta“ stjórnvöldum til að rýra hina raunverulegu ákvörðun Yfirnefndar verðlagsráðs með gengislækkun í kjölfarið er ljóst að það hefur afar brenglandi áhrif á hina eðlilegu hvata í fyrirtækjarekstri. Hér er dæmigerður freistnivandi á ferðinni eins og honum er lýst í inngangsskaflanum þ.e. „Freistnivandi“ er hegðan einstaklinga eða skipulagsheilda til að taka áhættu umframh. á bls. 4

framh. af bls. 3

fram það sem þeir annars myndu gera þar sem gera má ráð fyrir að aðrir taki á sig afleiðingar, að fullu eða að hluta til, ef allt fer á versta veg. (Wolf, 1999) Ákvörðunin um herra fiskverð er til að koma til móts við kröfur útgerðarmanna og sjómanna um hærri tekjur þeim til handa. Þrátt fyrir það vita útvegsmenn og sjómenn að sú hækking fiskverðs, sem þeir munu fá frá fiskvinnslunni, verður henni bætt upp með lækkingu á gengi íslensku krónunnar svo þeir fái fleiri krónur fyrir fiskinn sem þeir selja til útlanda. Útvegsmenn munu svo þurfa að greiða meira fyrir erlend aðföng, olíu o.fl. og framfærslukostnað sjómanna mun hækka með hækkuðu verði innlendrar vöru. Þátttakendurnir, þeir sem gangast inn á þessa leið geta tekið undir með Steini Steinari „Og þótt þú tapir, það gerir ekkert til, því það er nefnilega vitlaust gefið“ (Steinn Steinarr, 2008).

Gjaldeyrismarkaður og frjálst fiskverð.

Spyrja má hvort sú breyting sem átti sér stað þegar horfið var frá hinum miðstýrðu ákvörðunum um fiskverð og útgerð seldi fiskvinnslunni afurðir á frjálsum markaði, hafi leitt af sér breytingu í þessum efnunum. Verð á sjávarfangi ákvarðaðist í auknum mæli milli útgerðar og vinnslu, sérstaklega þar sem aukning varð á að þetta tvennt væri á sömu hendi. Skráning verðs á sjávarafli hefur heldur ekki haldið áfram með jafn marktækum hætti og var á meðan Verðlagsráð sjávarútvegsins var starfrækt.

Á mynd 2 má einmitt sjá framhaldsþróun annarrar stærðarinnar, verðvísitölu USD eftir að hinum miðstýrðu fiskverðs-ákvörðunum lýkur. Um svipað leyti er efnt til gjaldeyrismarkaðar viðskiptabankanna með þátttöku Seðlabankans. Hér vantar aðra breytuna inn í dæmið (fiskverðið) til að skoða samhengið en ljóst er að sveiflurnar í gengi USD eru umtalsvert meiri heldur en áður var þegar miðstýrðum verðlagsákvörðunum fiskverðs var til að dreifa og fylgja ekki þeirri línulegu nálgun sem áður mátti sjá.

Hafa ber einnig í huga að þær breytingar urðu á tímabilinu að skip og bátar eru í auknum mæli orðnir í eigu fiskvinnsluhúsanna sjálfra. Annað sem rýrir gildi myndar 2 er að á fyrsta áratug 21. aldarinnar standa yfir stórframkvæmdir á sviði orku og stóriðju, Kárahnjúkavirkjun og Reyðarár. Þær framkvæmdir höfðu áhrif á gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar auk annarra sviptinga í hagkerfinu á sama tíma, t.a.m. á sviði bankarekstrar, allt

fram að hruninu 2008. Einnig er horft fram hjá þeim sveiflum sem urðu í gengi USD gagnvart öðrum myntum á tímabilinu sem hefði getað haft áhrif á sveiflur USD gagnvart íslensku krónunni.

Af öllu framansögðu hlýtur það að vera freistandi að setja annan þátt víxlverkunarinnar fastan þannig að henni ljúki og takast svo á við afleiðingarnar sem að hinni breytunni snúa. Í því tilviki sem hér um ræðir væri það gjaldmiðillinn sem ætti að vera hægt að festa með því að taka upp annan gjaldmiðil en þann sem er látinn gefa eftir þegar freistnin til að láta hann gefa eftir verður yfirsterkari því að halda honum óbreyttum. Sá gjaldmiðill gæti verið gull eða annar eðalmálmur eða þá það sem nærtækara er, gjaldmiðill einhvers ríkis eða ríkjasambands sem er ekki líklegt til að bregðast við umkvörtunum íslenskra hagsmunaaðila og láta undan þeim.

Líta verður svo á að tilgátan sem sett er fram um þann freistnivanda sem við var að glíma á tímum miðstýrðs fiskverðs og gengisákvæðana, standist m.v. þau gögn sem stuðst er við. Þrátt fyrir að ákvarðanir fiskverðs og gengis á seinni hluta tímabilsins séu ekki miðstýrðar er líklegt að við hefðbundnar kringumstæður mundi hegðanin vera áþekkt þ.e. ákveðinn freistnivanda til staðar að leitast við að koma til móts við þarfir þess sem mesta hefur hagsmunina og þannig skapa honum kringumstæður sem hann hefur e.t.v. ekki næga hvatningu til að koma sér útúr. Hér mætti festa annan þáttinn myntina t.d. með upptöku annarrar myntar, sem ekki gefur eftir með gengisfalli, löguðu að þörfum íslenskra fyrirtækja. **V**

Heimildaskrá

- Buckley, A. (2011). *Financial Crisis, Causes, context and consequences*. London: Pearson.
- Fiskveiðisjóður (1997). Ársskýrsla.
- Jón Sigurðsson (1978). Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins. *Ægir*, 259-267
- Wolf, Charles Jr. (1999). Financial Crises and the Challenge of "Moral Hazard". *Social Science and Public Policy*, July/August, 60-62.
- Weygandt, J.J., Kimmel, P.D. og Kieso, D.E. (2012). *Accounting Principles*. New York: Wiley.
- Þjóðhagsstofnun (1991). *Sjávarútvegur 1988 – 1989*. Reykjavík. Atvinnuvegaskýrsla nr. 42
- Þjóðhagsstofnun (1993). *Annáll efnahagsmála 1988 – 1992*. Reykjavík. Þjóðarþúskapurinn nr. 14
- Þjóðhagsstofnun (2001). *Annáll efnahagsmála 1996-2000*. Reykjavík. Þjóðarþúskapurinn nr. 28
- Seðlabanki Íslands. <http://www.seðlabanki.is/gengi-og-vextir/timaradir-i-excel>
- Sótt 9. ágúst 2012
- Steinn Steinarr (2008). *Ljóðasafn*. Reykjavík: Forlagið.

Aðrir sálmar

Tryggingasvik

Krónan hefur átt sér formælendur fáa. Nú hafa óvæntir bandamenn borið í bætið fyrir hana. Viðskiptaráð Íslands segir í nýlegri skoðun: „Þótt sveiflur á gengi krónunnar séu ein skýrasta birtingarmynd hins efnahagslega óstöðugleika eru þær ekki grunnorsök hans. Þannig voru hagsveiflur einnig mun meiri á Íslandi en í öðrum iðnríkjum þegar fastgengisstefnu naut við. Þá þurfti að fella gengi krónunnar reglulega þar sem óöguð hagstjórn hafði gert slíka gengisfellinguna nauðsynlega til að viðhalda bæði atvinnustigi og samkeppnishæfni útflutningsgreina.

Ef Íslendingar byggja við gjaldmiðil sem væri hluti af stærra mynsvæði og myndu halda hagstjórninni áfram með óbreyttum hætti yrðu birtingarmyndir óstöðugleikans einfaldlega aðrar. Í stað gengisfalls í kjölfar hraðari launahækkana en annars staðar myndu efnahagslæðir þess í stað kalla á sársaukafull tímabil herra atvinnuleysis og óhagfelldrar launaþróunar þegar efnahagslæðir gengju í garð.“

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, sagði á fundi um Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að okkur hætti til að kenna krónunni um hvernig færi í stað þess að líta í eigin barm. Ástæða hrakfaranna sé fyrst og fremst slök hagstjórn, óabyrgir kjarasamningar, agaleysi í fjármálastefnu hins opinbera auk þess sem misbrestir hafi verið í miðlun peningastefnunnar.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhaf-fræðingur Seðlabanka Íslands, líkti krónunni við tryggingu í spjallþættinum *Eyjunni á Ströð 2*: „Þetta er eins og að kaupa tryggingu. Þegar áfallið kemur yfir er mjög gott að hafa tryggingu, ef þú borgar iðgjaldið. Spurningin fyrir okkur sem þjóð er þessi: Er þetta iðgjald sem borgar sig að borga? Svarið við þessari spurningu, er ekki augljóst og í raun ekki til eitt einhlítt svar við henni.“

Það er alþekkt að tryggingar breyta hegðun fólks. Stjórnmalamenn og foringjar á vinnumarkaði sem geta keypt sér skammtímavinsældir með óraunsæjum launahækkunum hika síður ef þeir vita að gengisfellingar munu síðar taka kjarabæturnar til baka. *bj*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Benedikt Jóhannesson
Útgefandi: Heimur hf., Borgartúni 23, 105 Rvík.
Sími: 512 7575.
Netfang: benedikt@heimur.is.
Prentun: Heimur. Upplag: 700 eintök.
Öll réttindi áskilin. © Ritið má ekki afrita án leyfis útgefanda.